



## **Reglur Hveragerðisbæjar um úthlutun sérstakra íþróttá- og tómstundastyrkja fyrir börn á tekjulágum heimilum skólaárið 2020-2021**

### **1. gr.**

#### **Tilfni**

Reglur þessar eru gefnar út til að samræmis sé gætt við úthlutun sérstakra íþróttá- og tómstundastyrkja til barna frá tekjulágum heimilum. Styrkjunum er ætlað að auka jöfnuð barna til íþróttá- og tómstundastarfs, sbr. fjáráukalög fyrir árið 2020, sbr. og lög nr. 26/2020, um afmarkaðar og tímabundnar ráðstafanir til að bregðast við áhrifum COVID-19 faraldursins.

Styrkir þessir eru veittir af sveitarfélaginu á grundvelli VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

### **2. gr.**

#### **Inntak styrkveitingar**

Fyrir lok skólaárs 2020-2021 skal greiða íþróttá- og tómstundastyrk með börnum fæddum á árunum 2005 til 2014 sem eru með lögheimili á tekjulágum heimilum. Með tekjulágum heimilum er átt við heimili þar sem heildartekjur framfærenda, einstaklings, hjóna eða sambúðarfólks, voru að meðaltali lægri en 740.000 kr. á mánuði á tímabilinu mars til júlí 2020, sjá nánar í 3. gr. um staðfestingu á tekjuviðmiði.

Styrk skal greiða vegna útlagðs kostnaðar við íþróttá- og tómstundastarf á skólaárinu 2020-2021, allt að 45.000 kr. fyrir hvert barn.

Íþróttá- og tómstundastyrkir eru veittir vegna þátttöku í skipulögðu íþróttá- og tómstundastarfi. Sem dæmi um slíkt má nefna íþróttáæfingar, tónlistarnám, skátastarf, listnámskeið, sjálfstyrking, hraðlestur og fleira. Ekki er heimilt að nýta íþróttá- og tómstundastyrk til greiðslu á tækjum, búnaði, fatnaði og ferðum.

### **3. gr.**

#### **Umsókn**

Íþróttá- og tómstundastyrkur skv. 2. gr., er greiddur samkvæmt umsókn. Umsókn skal berast til Hveragerðisbæjar fyrir 1. mars 2021 og miða skal við að íþróttá- og tómstundaiðkunin fari fram á skólaárinu 2020-2021.

Áður en sótt er um styrk skal umsækjandi senda beiðni um mat á tekjum í rafræna gátt hjá [www.island.is](http://www.island.is) á eftirfarandi vefslóð:

Íslenska: <https://island.is/styrkur-til-ithrotta-og-tomstundastarfs>

Enska / pólska : <https://island.is/en/support-for-childrens-recreational-activities>

Á síðunni fæst sjálfvirk niðurstaða hvort umsækjandi uppfylli tekjuviðmið 2. gr. Ef umsækjandi uppfyllir ekki tekjuviðmið fær hann senda staðfestingu á því og útskýringar og kemst ekki lengra í ferlinu.

Ef umsækjandi uppfyllir tekjuviðmið er sú niðurstaða send sjálfvirk til Hveragerðisbæjar. Vakin er athygli á því að staðfesting á tekjuviðmiði er ekki umsókn til bæjarfélagsins.

Þegar sjálfvirk niðurstaða frá [www.island.is](http://www.island.is) liggur fyrir sækir umsækjandi um styrk til Hveragerðisbæjar í gegnum vefslóð sem hann fær senda með staðfestingunni frá [www.island.is](http://www.island.is). Með umsókninni skulu fylgja gögn er sýna fram á útlagðan kostnað við íþrótt- og tómskundastarf barnsins á árinu 2020-2021.

Umsækjandi fær staðfestingu á að umsóknin hafi borist bæjarfélaginu og umsóknin fer í úrvinnslu hjá bæjarskrifstofu.

Um leið og sá möguleiki opnast að umsækjandi geti óskað eftir því að sveitarfélagið greiði styrkinn beint til íþróttafélaga og/eða námskeiðshaldara í gegnum Nóra þá mun það verða gert mögulegt og verður ferlið útskýrt sérstaklega á heimasíðu Hveragerðisbæjar.

#### **4. gr. Málsmeðferð**

Innan 5 virkra daga frá umsókn fær umsækjandi senda staðfestingu á því hvort umsóknin sé samþykkt, henni hafnað eða gögn vanti og gefst þá tækifæri til að senda inn ný gögn í gegnum umsóknarsíðuna. Sé umsókn samþykkt greiðir Hveragerðisbær inn á reikning umsækjanda sem fylgdi með umsókn. Ef umsókn er hafnað fær umsækjandi skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti.

Um málsmeðferð, þ.m.t. kærueimild, fer að öðru leyti samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og reglum Hveragerðisbæjar um fjárhagsaðstoð.

#### **5. gr. Gildistaka**

Reglur þessar, sem byggðar eru á leiðbeiningum félagsmálaráðuneytisins um sérstaka íþrótt- og tómskundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum skólaárið 2020-2021 eru settar af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar og taka gildi þann 26. nóvember 2020

Hveragerðisbær 26. nóvember 2020

Aldís Hafsteinsdóttir  
Bæjarstjóri